

2. að byggingunni sje lokið sama árið og lánið er tekið. 125
3. að helmingur lánsins verði eigi tekinn fyrir en sannað er með lögmatrí skoðunargjörð og virðingargjörð, að hið fyrirhugaða hús sje fullgjört og í áskildu standi, og að það sje að minnsta kosti eins mikils virði eins og allt lánið, að viðbættu virðingarverði hinna niðurlögðu staðarhúsa, með hæfilegu álagi eptir mati tilkvaddra virðingarmanna. 20. sept.
4. að húsið verði eign prestakallsins, og að presturinn haldi því vel við, þar til er hann eða bú hans skilar því á sínum tíma í gildu standi og með fullu álagi.
5. að presturinn váttryggi húsið gegn eldsvoða með hæfilegri upphæð, og haldi því jafnan í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts.

Brjef prestsins til stiptsyfirvaldanna frá 20. júní þ. á. og uppdráttur af hinu fyrirhugaða húsi endursendist, svo og virðingargjörð á staðarhúsunum í Kálfholti.

126
25. sept.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa prestakalli til kyrkjubyggingar. — Samkvæmt tillögum stipsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. m. og eptir að hafa fengið brjef yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 15. þ. m. viðvíkjandi sjóði kirkjunnar að Stað í Grunnavík, vil jeg hjer með eptir beiðni prestsins þar sjera Pjeturs M. Þorsteinssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur mælt með, veita samþykki til að tjeður prestur taki 700 króna lán upp á tækjur prestakallsins, til þess að byggja upp kirkjuna að Stað; þó er lántökuleyfið bundið því skilyrði, að helmingur lánsins verði ekki tekinn fyrir en sannað er með skoðunargjörð, að kirkjubyggingin sje vel af hendi leyst, og að lánið endurborgist í síðasta lagi á 14 árum með 50 kr. á ári auk vaxta, fyrst um sinn af uppbót þeirri, sem Staðarprestakalli er lögð af landssjóði.

127
15. okt.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um sveitfesti þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. f. m., hefur amtið sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Leirár- og Melahreppi, dags. 27. júní þ. á., þar sem tjeð hreppsnefnd áfrýjar til mín úrskurði amtsins, dags. 3. d. marz mánaðar síðastliðins, er fellir úr gildi úrskurð sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 7. nóv. 1889, þar sem ákveðið hafði verið, að Jón nokkur Benidiktsson, bóndi á Skipanesi, skyldi sveitlægur í fæðingarhreppi sínum, Hraunhreppi, og að nýnefndur hreppur skyldi endurgjalda Leirár- og Melahreppi 48 kr. af liðlega 60 kr. styrk eða láni, sem nefndur Jón Benidiktsson hafði fengið þar úr sveitarsjóði, svo og greiða áfallinn og áfallandi kostnað með honum og skylduliði hans.

Jón Benidiktsson býrjaði sveitfestisdvöl í Leirár- og Melahreppi árið 1876, þá 27 ára gamall, og lán það, sem hjer er um að ræða, er sundurliað þannig í sveitarbók hreppsins 1884, að 48 kr. hafa gengið til þess að borga fyrir hann tveggja ára landsskuld, 1883 og 1884, 24 kr. hvort árið, en 12 kr. 25 a. hafi hann fengið í forskillegu, og hefur Jón skýrt svo frá við rjettarpróf, að það sem svo er nefnt hafi verið nokkuð af timbri til að hressa við bæ sinn, ljáblöð og eitthvað af kaffi, en að ekkert